



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

2008010095

3.42.013

25. febrúar 2008

### Málefni: Um útlarp frá Alþingi

Póst og fjarskiptastofnun (PFS) hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um útlarp frá Alþingi, þskj. 581 - 345. mál.

PFS lét Gallup framkvæma könnun haustið 2007 vegna yfirstandandi greiningar á markaði fyrir dreifingu útlarps. Eftirfarandi voru niðurstöður við spurningunni "hverja af eftirtöldum leiðum notar þú til að hlusta á útlarp":

Gegnum sjónvarp 12,7%

Gegnum internetið 17,9%

Útlarpstæki 66,9%

Hlustar í bíl 72,4%

Af því má ráða að hlustun á útlarp (hljóðvarp) sé lang algengust gegnum hefðbundin FM-útlarp sviðtæki á heimilum og í bílum. Sé gengið út frá því að útsendingar eigi að hefjast haustið 2008 og ná til meginþorra þjóðarinnar þá er næsta ljóst að útsending á FM-tíðni er álitlegasti kosturinn, ef ekki sá eini, sérstaklega ef gerð er krafa um móttöku í bílum.

Ef Útlarp Alþingi á að ná til allra landsmanna með áþekktum hætti og t.d. Rás 1, Rás2 eða Bylgjan, er það mat stofnunarinnar að FM útlarp með 50-60 sendum ná til um 98% landsmanna og dreifikerfi með um 100 sendum ná til rúmlega 99% landsmanna. Hér er m.a. horft til þess að unnt sé að hlusta á dagskrána í ökutækjum og gert ráð fyrir að FM viðtæki séu fyrir hendi hjá öllum þorra landsmanna.

Hins vegar er einnig ljóst að ef ekki er laus útsendingartími hjá þeim útlarpsstöðvum sem þegar hafa yfir að ráða FM-dreifikerfi þá þarf að byggja upp nýtt dreifikerfi. Slíkt tekur vafalaust nokkra mánuði og ekki er óhugsandi að framkvæmdin krefjist opinbers útboðs. Kostnaður við slíka uppbyggingu hefur ekki verið greindur af stofnuninni, en framkvæmdakostnaður hleypur væntanlega á hundruðum milljóna.

Hafa verður í huga að útlarpsviðtæki hlutstenda hljóta að hafa afgerandi áhrif á allar ákvarðanir um uppbyggingu dreifikerfa fyrir útlarp. Ekki þjónar miklum tilgangi að byggja upp fullkomið dreifikerfi, ef þeir sem dagskráin á að ná til hafa ekki réttu viðtækin. Ætla má að það taki að lágmarki 3-5 ár að koma á nýju kerfi með nýrri tegund móttökubúnaðar sem væri algengur hjá öllum þorra landsmanna, t.d. með stafrænu hljóðvarpi á hefðbundnu



tíðnisviði (DAB) eða á langbylgju.

Rétt er að benda á að nú er RUV að huga að dreifingarmálum vegna stafræns sjónvarps og e.t.v. er samlegð í því að byggja upp stafrænt dreifikerfi bæði fyrir hljóð og mynd, ef sú leið verður farin að byggja upp dreifikerfi fyrir RUV.

Í þessu ljósi er einnig rétt að benda á að nú stendur yfir endurskoðun fjarskiptaáætlunar. Stofnunin telur mikilvægt að langtímastefna verði mótuð varðandi dreifingu hljóðvarps á Íslandi í því sambandi. Sérstaklega er þetta mikilvægt í ljósi þess að móttaka hljóðvarps í bílum er algeng og innleiðingu nýrrar tækni í viðtækjum í bílum þarf að skipuleggja með löngum fyrirvara.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason  
forstjóri